



Íslandsmótið hafði FH vann Þrótt 3-0 í setningarleik Íslandsmótsins í knattspyrnu í gær en þá hófst fyrsta umferð Pepsi-deildar karla með fjórum leikjum. Fyrsta Íslandsmótið var árið 1912 og þetta er það 105. í röðinni. Íslandsmeistararnir úr FH þykja líklegir til að verja titilinn í sumar og hér sjást þeir ganga til leiks með ungum Þrótturum. Sjá síðu 14. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Lokahönd lögð á Hjartastein

LÍFID Eftirvinnsla á íslensku kvikmyndinni Hjartasteinn er í fullum gangi þessa dagana. Guðmundur Arnar Guðmundsson, leikstjóri myndarinnar, segir kvikmyndina frumsýnda í haust.

Leikhópurinn er ekki af verri endanum og þar á meðal er danski stórleikarinn Søren Malling, sem meðal annars lék í hinum geysivinsælu spennuþáttum Forbrydelsen, Borgen og 1864.



Guðmundur Arnar Guðmundsson leikstjóri

Mengunarvandi leystur

Orka náttúrunnar litur svo á að vandinn vegna brennisteinsvetnismengunar frá Hellisheiðarvirkjun sé úr sögunni. Afköst lofthreinsistöðvar voru tvöfölduð.

UMHVERFISMÁL Orka náttúrunnar (ON), sem er dótturfélag Orkuveitu Reykjavíkur, telur að mengunarvandinn vegna brennisteinsvetnis frá Hellisheiðarvirkjun sé leystur.

Frá því að niðurdæling á jarðhitagösum hófst í stórum stíl í júní 2014 hefur styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti í þéttbýli aldrei farið yfir reglugerðarmörk.

Bjarni Már Júlíusson, forstöðumaður tækniþróunar hjá ON, segir að til að tryggja áframhaldandi árangur af verkefninu á Hellisheiði var ákveðið að tvöfalda afköst loft-

hreinsistöðvarinnar og er áætlað að gangsetja stækkunina í næsta mánuði, og vísar Bjarni Már til Sulfix verkefnisins á Hellisheiði. Ákveðið var í fyrra að tvöfalda afköst stöðvarinnar þannig að hún hreinsi allt að 60 prósent brennisteins í útblæstri virkjunarinnar á þessu ári.

Með Sulfix stöðinni er hlutfall brennisteinsvetnis í jarðhitalofttegundunum lækkað úr 29 prósentum niður í um eitt prósent,“ segir Bjarni. Um stórt skref er að ræða fyrir fyrirtækið en Bjarni Bjarnason,

forstjóri OR, lýsti því yfir á sínum tíma að útblæstur brennisteinsvetnis frá Hellisheiðarvirkjun væri „stærsti umhverfisvandi sem Orkuveitan glimdi við.“ - shá / sjá síðu 10



Fréttablaðið í dag

FRÉTTIR Skuldir fimm stærstu sveitarfélaganna hækka á milli ára. Halldór Halldórsson segir stöðuna áhyggjuefni. **8**



SKOÐUN Guðmundur Andri skrifar um goðafræði stjórnmálanna. **13**

SPORT Hanna á að baki tuttugu Íslandsmót en hún er ekkert að fara að hætta á næstunni. **14**

TÍMAMÓT Safna taubindum fyrir fátækar unglingsstúlkur í Afríku og á Indlandi. **20**

PLÚS 1 SÉRBLAÐ • FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

HAPDRÆTTI


VILTU VINNA ÍBÚÐ?
DRÖGUM ÚT 51.000 VINNINGA Á ÁRINU!

das

SEX ÍBÚÐIR Í POTTINUM
AÐ VERÐMÆTI 30 MILLJÓNIR HVER!

VINNINGUR Í HVERRI VIKU

Veður



Vaxandi norðanátt í dag, einkum síðdegis, en norðvestan 8-15 í kvöld. Rigning eða slydda og snjócoma til fjalla, en þurrt að kalla sunnantil á landinu. Hiti 0 til 9 stig, hlýjast SA-lands. **SJÁ SIÐU 22**



Bautinn hagnaðist um tæplega 15 milljónir á síðasta ári. MYND/ÆGIR DAGSSON

Bautinn greiðir 32 milljónir í arð

VIÐSKIPTI Bautinn ehf., sem rekur samnefndan veitingastað á Akureyri, greiddi 31,5 milljónir í arð á síðasta ári. Félagið er að fullu í eigu Guðmundar K. Tryggvasonar.

Félagið hagnaðist um 14,6 milljónir á síðasta ári en 38 milljónir króna árið 2014. Þá voru gengislán fyrirtækisins leiðrétt sem skýrðu átta milljónir af hagnaði þess árs.

Rekstarhagnaður ársins 2015 nam 23,8 milljónum króna miðað við 45,8 milljónir árið 2014.

Eigið fé félagsins nam 76 milljónum króna í árslok, þar af nemur óráðstafað eigið fé 74 milljónum króna. Eignir félagsins nema 109 milljónum króna og lækka um 54 milljónir milli ára. Í ársreikningnum kemur fram að félagið hafi selt rekstrarfjármuni fyrir 24,9 milljónir á árinu. Handbært fé lækkaði um 33 milljónir á árinu og nam 31,9 milljónum í árslok.

Þá nema skuldir 33,5 milljónum miðað við 71,2 milljónir árið 2014. - ih

76

milljónir var eigið fé félagsins í árslok 2015.

Blása lífi í kjarabaráttuna



Lúðrasveit verklyðsins spilaði á baráttudegi verkalýðsins, 1. maí, í gær þar sem gengið var fylktu liði niður Laugavegin. Alþýðusamband Íslands heldur í ár upp á aldarafmæli sitt. Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, sagði í ræðu sinni í gær að baráttumálin væru enn þá sömu og í árdaga hreyfingarinnar, að greidd séu mannsæmandi laun, hvíldartími virtur og að aðbúnaður og öryggi launafólks sé í lagi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ögmundur kveður Alþingi

STJÓRNMÁL Ögmundur Jónasson þingmaður Vinstri grænna tilkynnti í gær að hann hygðist ekki gefa kost á sér aftur í næstu alþingiskosningum.

Þetta tilkynnti hann á vefsíðu sinni á uppáhaldsdeginum sínum, baráttudegi verkalýðsins.

„Ég ráðgeri ekki að hætta að lifa lífinu þótt ég hætti á Alþingi. En öðruvísi líf verður það og önnur verkefni, vonandi ekki síður gefandi,“ skrifar Ögmundur.

Ögmundur Jónasson var fyrst kosinn á Alþingi árið 1995 fyrir Alþýðubandalagið og óháða og síðar gaf hann kost á sér fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð.

Hann þjónaði sem heilbrigðisráðherra árið 2009 í ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur, síðar þjónaði hann sem dómsmálaráðherra árið 2010 og innanríkisráðherra árin 2011 til 2013. - srs

Drekka kaffi, borða köku og ræða dauðann

Svokölluð Dauðakaffi sem haldin hafa verið í Reykjavík hafa notið vinsælda. Á slíkum viðburðum ræðir fólk um dauðann og markmiðið er að skerpa sýn fólks á að lifa lífinu vel. Lögð er áhersla á virðingu í samskiptum og til skoðana.

SAMFÉLAG „Á Dauðakaffi kemur fólk saman til þess að borða köku, drekka kaffi og ræða dauðann. Fólk sem oft þekkt ekkert,“ segir Lóa Björk Ólafsdóttir einn forsvarsmanna Dauðakaffis á Íslandi. „Tilgangurinn er að vekja fólk til meðvitundar um að allt líf tekur enda og skerpa sýn fólks á að lifa lífinu vel, í ljósi endanleika þess,“ segir Lóa. Dauðakaffi voru haldin þrisvar sinnum í vetur og fengu góðar undirtektir og mætingu.

Haldið verður áfram næsta haust en Lóa minnr á að hver sem er getur haldið Dauðakaffi. Til að mynda hafi aðilar á Akureyri og víðar á landsbyggðinni sýnt áhuga á að halda Dauðakaffi. „Allir eru velkomnir á Dauðakaffi og öllum er frjálst að standa fyrir slíkum viðburði. Það hafa komið að máli við okkur aðilar af landsbyggðinni, Akureyri til dæmis, sem hafa lýst yfir áhuga á að halda Dauðakaffi í sinni heimabyggð. Stofnuð var fésbókarsídan „Dauðakaffi“ í þeim tilgangi að auglýsa viðburði, svara fyrirspurnum og gefa tækifæri til að deila hugleiðingum,“ segir Lóa frá.

„Upphafsmáðurinn var félagsráðgjafinn Bernard Crettaz. En það var svo Jon Underwoods sem stofnaði síðuna deathcafe.com, þar sem finna má leiðbeiningar um hvernig skal standa að svona stundum. Jon Underwood hefur stofnað sérstakt kaffihús, Death Café, í London sem er helgað umræðum um dauðann. Við höfðum samband við Jon sem veitti okkur ráðgjöf og upplýsingar,“ segir hún.

Lóa starfar sem hjúkrunarfræðingur og segir þörf á opnari umræðu um dauðann í samfélaginu. „Það er oft ákveðið tabú að ræða dauðann, til dæmis í tengslum við veikindi, sem kemur sér ekki alltaf vel. Sú nálgun



Lóa Björk segir þörf á umræðu um dauðann með það að markmiði að lifa lífinu til fulls. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Á kaffistundunum er lögð áhersla á virðingu í samskiptum og fyrir skoðunum, trú, gildum og viðhorfum annarra.

Lóa Björk Ólafsdóttir, einn forsvarsmanna Dauðakaffis á Íslandi

sem Dauðakaffið býður upp á þykir mér því góð leið til að brjóta upp bannhelgina sem gjarnan hvílir yfir dauðanum sem umræðuefni. Á kaffistundunum er lögð áhersla á virðingu í samskiptum og fyrir skoðunum, trú, gildum og viðhorfum annarra. Í Dauðakaffi er enginn leiddur að sérstakri niðurstöðu, þá er þetta ekki vettvangur fyrir ráðgjöf eða stuðning við syrgjendur þótt margir hafi hag af því að geta rætt sína reynslu. Ef einhver hefur áhuga á að standa fyrir kaffistundum sem þessum er velkommið að hafa samband við okkur sem nú höfum reynsluna, en við höfum líka tekið saman og þýtt leiðbeiningar og efni frá deathcafe.com.

kristjanabjorg@frettabladid.is

Omega 3

í sinni hreinustu og öflugustu mynd frá einu hreinasta hafsvæði veraldar.



Söluastaðir: flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana.

**Petta er meira en bara bíll.
Petta er augnablik sem varir að eilífu.**



Volkswagen

Ríkið hyggst byrja að borga inn á halla lífeyriskerfisins á næsta ári

LÍFEYRISMÁL Ríkissjóður hyggst hefja að greiða inn á skuldbindingar sína við opinbera lífeyrissjóði á næsta ári.

Samkvæmt ríkissjóðaráætlun næstu fimm ára, sem kynnt var á föstudaginn, á að greiða fimm milljarða króna á ári inn á skuldbindingar ríkissjóðs starfsmanna ríkissjóðs (LSR).

Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri LSR, segir mjög

mikilvægt að ríkið hefji að greiða inn á skuldbindinguna á ný.

Markmið með greiðslunum er að seinka því að B-deild lífeyrissjóðsins tæmist en það gerist árið 2029, verði ekki greitt inn á skuldbindingarnar. Kæmi til þess myndi ríkið þurfa að greiða LSR um 35 milljarða á ári til að mæta lífeyrsgreiðslum sjóðfélaga.

Sé nægjanlega mikið greitt inn á skuldbindingarnar lækkar upphæðin sem ríkið þarf að greiða

Ef þessar greiðslur hefðu ekki komið frá 1999 til 2008, þá væri sjóðurinn orðinn tómur í dag. Þá væri hver einasta króna í lífeyri borguð úr ríkissjóði.

Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri LSR



hins vegar um helming en ríkið og opinberir aðilar greiða í dag hluta lífeyrsgreiðslna sjóðfélaga LSR.

Með því að flýta greiðslunum lækkar einnig heildarupphæðin sem ríkið þarf að greiða LSR, þar sem unnt verður að ávaxta það fé sem fæst greitt inn á skuldbindingarnar.

B-deild LSR var lokað árið 1997 fyrir inngöngu nýrra sjóðfélaga en alltaf hefur verið gert ráð fyrir að iðgjöld standi undir einungis hluta

lífeyrsgreiðslna en ríkið ábyrgðist það sem upp á vanti. Greitt var inn á skuldbindinguna á árunum 1999 til 2008 en greiðslunum var hætt eftir bankahrun.

„Ef þessar greiðslur hefðu ekki komið frá 1999 til 2008, þá væri sjóðurinn orðinn tómur í dag. Þá væri hver einasta króna í lífeyri borguð úr ríkissjóði. Það undirstrikar hversu mikilvægt er að hefja þessar greiðslur aftur núna,“ segir Haukur. – ih

Forvarnarátak þegar búið að sanna sig

Yfirlæknir telur að átak Síldarvinnslunnar í Neskaupstað gegn ristilkrabbameini hafi þegar komið í veg fyrir alvarleg veikindi. Boðið upp á fría speglun og starfsmenn í áhættuhópi fá fría meðferð. Fyrirtækið keypti speglunartæki fyrir sjúkrahúsið á staðnum.

HEILBRIGÐISMÁL Átak Síldarvinnslunnar í Neskaupstað þar sem starfsmönnum er boðin ristilspeglun þeim að kostnaðarlausu hefur þegar skilað markverðum árangri. Yfirlæknir á sjúkrahúsinu á staðnum segir allar líkur á því að þegar hafi verið komið í veg fyrir krabbamein.

„Ég tel mig geta sagt með töluverðri vissu að frumkvæði fyrirtækisins hafi að öllum líkindum beinlínis komið í veg fyrir krabbamein,“ segir Jón H. H. Sen, yfirlæknir á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað, sem hefur umsjón með ristilspeglunum starfsfólksins.

Í eðli sínu er átakið hugsað sem fyrirbyggjandi aðgerð, að skoða fólk sem er einkennalaust en þegar segist Jón hafa fjarlægt mikinn fjölda svonefndra sepa úr ristlum starfsmanna, en sepanir geta verið forstígr krabbameins. Í tveimur tilvikum voru sepanir sem fjarlægðir voru það stórir að þeir hefðu orðið að krabbameini með tímanum, segir Jón en búið er að spegla um 50 starfsmenn fyrirtækisins og verkefnið því hálfnað. Hjá Síldarvinnslunni starfa 240 manns en átakið varðar 99 þeirra sem eru fimmtugir eða eldri. Stefnt er að því að ljúka speglun allra þeirra starfsmanna sem það kjósa fyrir áramótin.

Forsaga átakisins er sú að á gamlársmóti árið 2014 var undirritaður samningur á milli Síldarvinnslunnar og Heilbrigðisstofnunar Austurlands um átakið. Í samningnum fólst að Síldarvinnslan færði sjúkrahúsinu nýtt fullkomið speglunartæki að gjöf. Jón segir að gjöfin hafi þegar sannað sig sem framfaraskref, bæði með tilliti til átakis Síldarvinnslunnar en ekki síður fyrir alla aðra sem sjúkrahúsið þjónar, og til dæmis hafi náðst að vinna niður biðlista eftir ristilspeglun sem voru staðreynd þegar tækið var tekið í notkun.

Hákon Ernuson, starfsmanna-



Átakið hófst í Mottumars í fyrra. Skipið er Birtingur NK - gamli Börkur, aflahæsta fiskiskip Íslandssögunnar. MYND/HÁKON ERNUSON

Ég tel mig geta sagt með töluverðri vissu að frumkvæði fyrirtækisins hafi að öllum líkindum beinlínis komið í veg fyrir krabbamein.

Jón Sen, yfirlæknir



stjóri Síldarvinnslunnar, segir að framhald verkefnisins komi vel til greina, en það yrði gert í samráði við Jón Sen yfirlækni. Starfsmenn fari allir í heilsufarsskoðun á þriggja

ára fresti í boði fyrirtækisins; þær séu misjafnlega viðamiklar sem fari eftir aldri, en 60 ára og eldri sé gefinn kostur á því að fara á hverju ári. svavar@frettabladid.is

Eitt algengasta krabbameinið

- Að meðaltali greinast 135 Íslendingar með ristil- og endaparmskrabbamein árlega.
- 52 látast árlega úr sjúkdómnum eða sem nemur einum á viku.
- Krabbamein í ristli og endaparmi eru í daglegu tali flokkuð saman og kölluð ristilkrabbamein, því þau eiga margt sameiginlegt.
- Í flestum tilvikum myndast ristilkrabbamein út frá góðkynja forstígsbreytingum sem í daglegu tali eru kallaðir separ. Sú tegund sepa sem eru forstígr ristilkrabbameins eru svonefnd kirtilæxli.
- Þó að separ séu nokkuð algengir þá verða flestir þeirra (yfir 90%) aldrei að krabbameini.

Heimild: Krabbameinsfélag Íslands

Framúrskarandi hráefni - topp þjónusta - sanngjarnt verð



Hlíðasmára 8 | Skipholti 70 | Spönginni 13
Sími 554 7200 | [facebook](https://www.facebook.com/hafid)



TAKTU SKREFIÐ

SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ
NÁMSBRAUTIR Á HAUSTMISSERI - UMSÓKNARFRESTUR TIL 1. JÚNÍ

Á GRUNNSTIGI NÁMSLÍNUR ÁN EINGA

LEIÐSÖGUNÁM Á HÁSKÓLASTIGI
STAÐNÁM - FJARNÁM

FJÁRMÁL OG REKSTUR
STAÐNÁM - FJARNÁM

NÁM Í UNDIRSTÖÐUATRÍÐUM
HUGRÆNNAR ATFERLISMEÐFERÐAR

HUGUR OG HEILBRIGÐI
- GERÐU GOTT LÍF BETRA

NÁM TIL LÖGGILDINGAR
FASTEIGNA- OG SKIPASALA
STAÐNÁM - FJARNÁM

VERKEFNASTJÓRNUN OG LEIÐTOGAÞJÁLFUN

Á FRAMHALDSSTIGI

JÁKVÆÐ SÁLFRÆÐI

VIÐURKENNDUR BÓKARI
STAÐNÁM - FJARNÁM

FJÖLSKYLDUMÆÐFERÐ

KYNNINGARFUNDUR 18. MAÍ

FLESTAR NÁMSBRAUTIR ENDURMENNTUNAR ERU LÁNSHÆFAR

NÁMSRÁÐGJÖF OG UPPLÝSINGAR:

sími 525 4444
ENDURMENNTUN.IS

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Úra-og skartgripaverslun
Heide, Glæsibæ
hættir rekstri 1. júní 2016

Allar vörur með
40-50%
afslætti



Gæði og glæsileiki
endalaust úrval af hágæða flisum

Flísabúðin
Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

Finndu okkur á facebook

**ÖLL BRAUÐ Á
25%
AFSLÆTTI
ALLA MÁNUDAGA**

- Austurströnd 14
- Dalbraut 1
- Hringbraut 35
- Fálkagötu 18
- Lönguhlíð

BJÖRNSEKARI
Sími: 561 1433

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunudaga 9.00 - 16.00

Sniglast um göturnar



Um 700 meðlimir mótörhjólasamtakanna Sniglanna óku um Reykjavík í gær til að minna á sig og aðra mótörhjólamenn í umferðinni en þeim fer nú fjölgandi á götunum samhliða hækkandi sól. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Aldrei fleiri konur kosnar á þing í Íran

Umbótasinnar unnu stórsigur í írönsku þingkosningunum sem voru fyrir helgi.

ÍRAN Umbótasinnaðir flokkar, hliðhollir Rouhani Íransforseta, unnu stórsigur í írönsku þingkosningunum sem fóru fram á föstudaginn. Úrslit voru tilkynnt um helgina.


Listi vonar, bandalag umbóta-flokka, fékk 41,7 prósent atkvæða og 121 þingsæti í 290 sæta lög-gjafasamkundunni. Bandalag sjíta-islamskra íhaldsflokka galt afhroð í kosningunum og fékk 28,2 prósent atkvæða og 83 þingmenn. Einstaklingsframboð og smærri flokkar fengu 84 þingsæti.

Um var að ræða aðra umferð kosninga en samkvæmt lögum í Íran þurfa frambjóðendur að ná minnst 25 prósentum atkvæða í hverju kjördæmi fyrir sig til að hljóta kjör.

Umbótasinnar náðu ekki hreinu meirihluta en eru nægilega sterkir til að koma löggjöf í gegn

Niðurstöður úr þingkosningum í Íran

■ Listi umbótasinna
■ Aðrir flokkar og einstaklingsframboð
■ Listi íhaldsmanna



um þingið með samstarfi við smærri stjórnmálaflokka.

Það veur einnig athygli að aldrei hafa jafn margar konur verið kosnar á þingið en sautján konur voru kosnar. Þrátt fyrir að sautján sé ekki mikill fjöldi á 290 manna samkundunni eru þetta mikil tíðindi í Íran. Þá hafa aldrei jafn fáir klerkar verið kosnir á þingið. Frá byltingunni í Íran 1979 hefur klerkastéttin verið afar áhrifamikil. Eftir byltinguna voru 164 klerkar kosnir en nú 16.

Niðurstöðurnar þykja afar góð tíðindi fyrir Rouhani Íransforseta og eru túlkuð sem velvilji almennings gagnvart kjarnorkusamkomulaginu sem Íranar undirrituðu fyrr á árinu. Talið er að Rouhani muni eftir kosningarnar leggja fram röð frumvarpa sem er ætlað að bæta mannréttindi í Íran og réttarfar.

stefanrafn@frettabladid.is

ORMSSON

Þvottadagar

fyrir heimilin í landinu

25%



ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ

AEG

ÞVOTTAVÉL

Lavamat 63272FL
Tekur 7 kg af þvotti.
1200 snúningar.
Öll hugsanleg þvottakerfi.
Íslensk notendahandbók.

Nú kr. 82.425,-
Verð áður kr. 109.900



ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ

AEG

ÞVOTTAVÉL

Lavamat 63472FL
Tekur 7 kg af þvotti.
1400 snúningar.
Öll hugsanleg þvottakerfi.
Íslensk notendahandbók.

Nú kr. 89.925,-
Verð áður kr. 119.900,-



ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ
10 ÁRA ÁBYRGÐ Á MÓTOR

AEG

ÞVOTTAVÉL

Lavamat 76485FL
Tekur 8 kg af þvotti. 1400
snúningar. Öll hugsanleg
þvottakerfi. Kolalaus mótör.
Íslensk notendahandbók.

Nú kr. 112.425,-
Verð áður kr. 149.900,-



ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ
10 ÁRA ÁBYRGÐ Á MÓTOR

AEG

ÞVOTTAVÉL

Lavamat 76806FL
Tekur 8 kg af þvotti.
1600 snúningar.
Öll hugsanleg þvottakerfi.
Kolalaus mótör.

Nú kr. 127.425,-
Verð áður kr. 169.900,-



AEG

ÞURRKARI - BARKALAUS

T61271AC
Tekur 7 kg af þvotti. Ný tegund af
tromlu sem minnkar slit og dregur
úr krumpum. Snýr tromlu í báðar
áttir og er með rakaskynjara.

Nú kr. 89.925,-
Verð áður kr. 119.900,-



AEG

ÞURRKARI - BARKALAUS

T76280AC
Barkarlaus þurrkari með
rakaskynjara. Tekur 8 kg. af þvotti.
Ný ryðfrí tromla sem minnkar slit og
snýst í báðar áttir.

Nú kr. 97.425,-
Verð áður kr. 129.900,-




AEG

UPPÞVOTTAVÉL

F66692MOP
Topplaus, undir borðplötu.
Hljóðlát 43db með 7 þvottakerfi
og þurrkun.

HVÍT **Nú kr. 112.425,-**
Verð áður kr. 149.900,-



AEG

UPPÞVOTTAVÉL

FSILENCM2P
Topplaus, undir borðplötu.
Hljóðlát 39db með 6 þvottakerfi
og þurrkun.

STÁL **Nú kr. 104.925,-**
Verð áður kr. 139.900

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Opið virka daga kl. 10-18
og á laugardögum
kl. 11-15.



ORMSSON

Greiðslukjör

Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

ormsson.is



ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON PRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038	ORMSSON PAN-NEKAUPTSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300	BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655
--------------------------------------	--	------------------------------------	--	--------------------------------------	-------------------------------------	---	--	--	---	--	------------------------------------	--

Fjárhagsstaða fimm stærstu sveitarfélaga landsins í árslok 2015

AKUREYRI 18.294 ÍBÚAR



Eigið fé 2015 (A og B)*
18,3 milljarðar króna

Eigið fé 2014
16,8 milljarðar króna

Rekstrarniðurstaða
2015 2014
+1.122 milljarðar +524,7 milljónir

Heildareignir
2015 2014
41,7 milljarðar 39,4 milljarðar

Skuldir A og B hluta
2015 2014
23,4 milljarðar 22,6 milljarðar

Skuldahlutfall A og B hluta
2015 2014

94% 105%

Skuld á íbúa 2014 (A og B hluti)
1,24 milljónir

Skuld á íbúa 2015 (A og B hluti)
1,28 milljónir

HAFNARFJÖRÐUR 28.189 ÍBÚAR



Eigið fé 2015 (A og B)
8,3 milljarðar króna

Eigið fé 2014
8,4 milljarðar króna

Rekstrarniðurstaða
2015 2014
-512 milljónir +76 milljónir

Heildareignir
2015 2014
48,5 milljarðar 48,2 milljarðar

Skuldir A og B hluta
2015 2014
40,2 milljarðar 39,8 milljarðar

Skuldahlutfall A og B hluta
2015 2014

170% 178%

Skuld á íbúa 2014 (A og B hluti)
1,43 milljónir

Skuld á íbúa 2015 (A og B hluti)
1,4 milljónir

KÓPAVOGUR 34.140 ÍBÚAR



Eigið fé 2015 (A og B)
15,9 milljarðar króna

Eigið fé 2014
16,1 milljarðar króna

Rekstrarniðurstaða
2015 2014
+161 milljónir +660 milljónir

Heildareignir
2015 2014
58,3 milljarðar 58,4 milljarðar

Skuldir A og B hluta
2015 2014
42,3 milljarðar 42,2 milljarðar

Skuldahlutfall A og B hluta
2015 2014

162,5% 175,2%

Skuld á íbúa 2014 (A og B hluti)
1,27 milljónir

Skuld á íbúa 2015 (A og B hluti)
1,23 milljónir

REYKJAVÍK 122.460 ÍBÚAR



Eigið fé 2015 (A og B)
224 milljarðar króna

Eigið fé 2014
217,3 milljarðar króna

Rekstrarniðurstaða
2015 2014
-4,98 milljarðar +11,1 milljarðar

Heildareignir
2015 2014
525,6 milljarðar 504 milljarðar

Skuldir A og B hluta
2015 2014
301,6 milljarðar 287 milljarðar

Skuldahlutfall A og B hluta
2015 2014

210% 216%

Skuld á íbúa 2014 (A og B hluti)
2,36 milljónir

Skuld á íbúa 2015 (A og B hluti)
2,46 milljónir

REYKJANESBÆR 15.233 ÍBÚAR



Eigið fé 2015 (A og B)
6,5 milljarðar króna

Eigið fé 2014
7,4 milljarðar króna

Rekstrarniðurstaða
2015 2014
-455,4 milljónir -1,728 milljarðar

Heildareignir
2015 2014
50,1 milljarðar 48,2 milljarðar

Skuldir A og B hluta
2015 2014
43,6 milljarðar 40,8 milljarðar

Skuldahlutfall A og B hluta
2015 2014

249,2% 253,6%

Skuld á íbúa 2014 (A og B hluti)
2,73 milljónir

Skuld á íbúa 2015 (A og B hluti)
2,86 milljónir

Heimild: Ársreikningar sveitarfélaganna.

*Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum, en í B hluta eru fyrir-
tæki sem eru að hálfu eða meirihluta í eigu sveitarfélags og eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Skuldir sveitarfélaga hækka milli ára

Reykjavíkurborg er skuldsettasta sveitarfélag af fimm stærstu sveitarfélögum landsins, Reykjanesbær er hins vegar með hæstu skuld á íbúa, eða sem nemur 2,86 milljónum króna. Skuldir sveitarfélaganna fimm hafa hækkað milli ára en skuldahlutfall hefur lækkað.

SVEITARSTJÓRNARMÁL Skuldir fimm stærstu sveitarfélaga landsins (A og B hluta) fóru vaxandi milli ára og námu rúmlega fjögur hundruð og fimmtíu milljörðum króna í lok árs 2015. Reykjavíkurborg skuldar tvo þriðju upphæðarinnar, eða 301,6 milljarða króna. Skuldirnar hækkuðu um tæplega tuttugu milljarða milli ára. Skuldahlutfall sveitarfélaganna, skuldir deilt með rekstrartekjum, drógust þó saman í öllum sveitarfélögum.

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir skuldastöðuna vera áhyggjuefni.

„Okkar niðurstaða var sú að sveitarfélög eru að vinna í skuldastöðum sínum, en það eru undantekningar og það er auðvitað áhyggjuefni,“ segir Halldór. Hann bendir á að Reykjavíkurborg eigi stóran hluta á hækkan skulda milli ára, en skuldir Reykjavíkurborgar hækkuðu um fjórtán milljarða. „Spár fyrir 2016 eru samt mun bjartsýnni en útkoman árið 2015, það er okkar niður-

Okkar niðurstaða var sú að sveitarfélög eru að vinna í skuldastöðum sínum, en það eru undantekningar og það er auðvitað áhyggjuefni.



Halldór Halldórsson,
formaður Sambands
íslenskra sveitarfélaga

450

milljarða króna skulduðu
fimm stærstu sveitarfélög
landsins í árslok 2015



Reykjanesbær er það sveitarfélag sem er með hæstu skuld á hvern íbúa af stærstu fimm sveitarfélögum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

staða að þetta fari batnandi,“ segir Halldór.

Skuldir á hvern íbúa námu í árslok á bilinu 1,28 milljónir til 2,86 milljónir króna. Skuldir á íbúa voru lægstar á Akureyri en hæstar í Reykjanesbæ. Skuldir á íbúa jukust í Reykjavík, á Akureyri og í Reykjanesbæ.

Rekstrarniðurstaða versnaði hjá Hafnarfirði, Kópavogi og Reykjavík milli ára, en batnaði hjá Reykjanesbæ og Akureyrarbæ.

Reykjavík er það sveitarfélag sem á mest eigið fé, eða sem nemur 224 milljörðum króna. Eigið fé er minnst hjá Reykjanesbæ og nemur 6,5 milljörðum króna. Eigið fé dróst saman hjá öllum sveitarfélögum nema Akureyri og Reykjavík milli ára.

Heildareignir eru langmestar hjá Reykjavíkurborg. Heildareignir jukust hjá öllum sveitarfélögum nema Kópavogi þar sem þær drógust saman um 100 milljónir króna milli ára.

saeunn@frettabladid.is

Lykil- og korthafar Olis fá
10%
afslátt af bílavörum

GÓÐIR DAGAR FYRIR

BÓNORÐ

... orð eins og bón, bónklútur, vaskaskinn,
vínýlbón, þvottakústur ...

Vinur við veginn

HARÐPARKET

MÚRBÚÐARVERÐ



EUROWOOD KIPO EIK 12mm harðparket, 18,8x187,5 cm

3.495 kr. m²


AC5



EUROWOOD 8mm harðparket. TWO STRIP, bandsöguð áferð 19,3x138 cm

1.995 kr. m²


AC4



EUROWOOD KIBO EIK, Planki 12 mm, Gráhvít 18,8x184,5 cm

3.495 kr. m²

AC5



EUROWOOD KIBO EIK „Smoked“, Planki 12 mm, Grá 18,8x184,5 cm

3.495 kr. m²

AC5




LAMIWOOD Eik bandsöguð áferð 1215x194x8,3 mm


1.890 kr. m²

AC4

LAMIWOOD®



AC4



AC4

Comfort line plastparket, eik 1215x194x8,3 mm

1.655 kr. m²

Fösuð Eik Country, planki 1215x168x8,3 mm

1.790 kr. m²

Reykjavík Kletthálsi 7. Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18

LÆKKUM
VERÐIÐ Á
BYGGINGA-
VÖRUM

2mm undirlag
16,5m² kr.

2.890



MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

Mengun frá Hellisheiði úr sögunni

Með tilkomu lofthreinsistöðvar við Hellisheiðarvirkjun er það mat Orku náttúrunnar að mengunarvandi virkjunarinnar sé leystur. Afköst stöðvarinnar sem hefur verið rekin í tvö ár tvöfaldast í næsta mánuði eftir stækkun. Nýting jarðhitagasanna er næsta verkefni.

UMHVERFISMÁL Orka náttúrunnar (ON), sem er dótturfélag Orkuveitu Reykjavíkur, telur að mengunarvandi vegna brennisteinsvetnis frá Hellisheiðarvirkjun sé leystur. Frá því að niðurdæling á jarðhitagösum hófst í stórum stíl í júní 2014 hefur styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti í þéttbýli aldrei farið yfir reglugerðarmörk.

Um stórt skref er að ræða fyrir fyrirtækið en Bjarni Bjarnason, forstjóri OR, lýsti því yfir á sínum tíma að útblástur brennisteinsvetnis frá Hellisheiðarvirkjun væri „stærsti umhverfisvandi sem Orkuveitan glímdi við“.

Bjarni Már Júlíusson, forstöðumaður tækniþróunar hjá ON, segir að nú einbeiti fyrirtækið sér að því að þróa lausnir til að hagnýta jarðhitagösin ásamt öðrum auðlindastraumum frá Hellisheiðarvirkjun, svo sem til ræktunar og eldsneytisframleiðslu og fleira.

„Til að tryggja áframhaldandi árangur af verkefninu á Hellisheiði var ákveðið að tvöfalda afköst lofthreinsistöðvarinnar og er áætlað að gangsetja stækkunina í næsta mánuði,“ segir Bjarni og vísar til Sulfix verkefnisins á Hellisheiði, en áætlað er að stöðin hreinsi allt að 60 prósent brennisteins í útblæstri virkjunarinnar á þessu ári.

Stífar reglur voru settar um hámarksstyrk á brennisteinsvetni (H2S) í byggð á Íslandi árið 2010. Þá ákváðu íslensku jarðhitafyrirtækin að þróa í sameiningu „bestu“ lausnina til að draga úr styrk H2S sem rekja má til háhitanýtingar. Bjarni leiddi starf hóps af sérfræðingum frá OR, síðar ON, Landsvirkjun og HS Orku.

„Afurðin úr þessu samstarfi er þróun á lofthreinsistöðinni sem hefur nú verið rekin á Hellisheiði í tæp tvö ár. Nú er verið að tvöfalda afköstin enda er þessi aðferð um tíu sinnum hagkvæmari en hefðbundnar iðnaðarlausnir við að draga úr styrk brenni-



Mengun frá Hellisheiðarvirkjun var mjög umtöluð um langt árabíl. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

steinsvetnis frá jarðgufuvirkjunum. Með Sulfix stöðinni er hlutfall brennisteinsvetnis í jarðhitalofttegundunum lækkað úr 29 prósentum niður í um eitt prósent,“ segir Bjarni en þegar stöðin var ræst 2014 hreinsaði hún 25-30 prósent brennisteinsvetnis í útblæstrinum, blandar því í vinnsluvatn virkjunarinnar og dælir niður á um 800 metra dýpi þar sem það binst við steindir.

Annað viðfangsefni á Hellisheiði snýr að koltvísýringi í útblæstrinum sem er hreinsaður, blandað í vinnsluvatnið og dælt niður á um 400 metra dýpi. Þar fellur kolefnið út og myndar sílfurberg – sem er tært afbrigði af kristölluðum kalksteini. svavar@frettbladid.is

Með Sulfix stöðinni er hlutfall brennisteinsvetnis í jarðhitalofttegundunum lækkað úr 29 prósentum niður í um eitt prósent.

Bjarni Már Júlíusson, forstöðumaður tækniþróunar hjá ON



Ólík verkefni af sama meidi

Fréttablaðið greindi frá því á dögunum að HS Orka mun á þessu ári setja upp tilraunastöð við jarðhitavirkjun sína í Svartsengi sem hreinsar brennisteinsvetni úr útblæstri orkuversins og samhliða framleiða hreinan koltvísýring (CO2). Koltvísýringurinn er verðmæt afurð og nýttist við margs konar starfsemi.

Spurður hvað þessi verkefni eiga sameiginlegt segir Bjarni að þau séu ólík. „Það er þannig að jarðgufan á Suðurnesjum er upprunnin úr sjó og því er efnasamsetning

hennar frábrugðin öðrum háhitasvæðum á Íslandi, og er styrkur brennisteinsvetnis í útblæstri Svartsengisvirkjunar til dæmis aðeins um tvö prósent, sem gerir hreinsun brennisteinsvetnisins einfaldari en í hefðbundnum jarðorkuverum. Einfalda skýringin er sú að með Sulfix-aðferðinni er styrkur brennisteinsvetnis lækkaður niður í sama gildi og er hjá HS Orku og þeirra aðferð gengur út á að hreinsa jarðhitagösin enn frekar, svo nýta megi koltvísýringinn með ýmsum hætti,“ segir Bjarni.

Eignarhlutur Landsbankans í Eyri Invest til sölu

Landsbankinn hf. býður til sölu allan eignarhlut sinn í fjárfestingafélaginu Eyri Invest hf. Eignarhluturinn sem nemur 23,3% alls hlutafjár í Eyri Invest er boðinn til sölu í heild eða að hluta.

Eyri Invest er fjárfestingafélag sem stofnað var árið 2000. Helstu fjárfestingar félagsins eru 29,3% eignarhlutur í Marel hf. og 33,7% eignarhlutur í Eyri Sprotar slhf., fjárfestingafélagi sem fjárfestir í nýsköpunarfyrirtækjum. Eiginfjárhlutfall Eyris var 54,5% um síðustu áramót samkvæmt ársreikningi.

Söluferlið fer fram í samræmi við stefnu Landsbankans um sölu eigna í eigu bankans og er öllum opið sem teljast vera hæfir fjárfestar samkvæmt skilgreiningu í 9. tölulíð 43. greinar laga nr. 108/2007 um verðbréfa viðskipti.

Áhugasamir fjárfestar geta haft samband við Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans með því að senda póst á netfangið eyrir@landsbankinn.is, auk þess sem nálgast má stutta sölukynningu, trúnaðaryfirlýsingu, eyðublað vegna hæfismats og upplýsingar um hugsanlega hagsmunaárekstra á vef bankans, landsbankinn.is.

Þeir fjárfestar sem uppfylla hæfismat fyrir þátttöku í söluferlinu fá afhent ítarlegri kynningargögn um Eyri Invest og gera tilboð á grundvelli þeirra gagna.

Frestur til að skila trúnaðaryfirlýsingu og hæfismati vegna þátttöku í söluferlinu rennur út kl. 12:00 föstudaginn 13. maí 2016.



Mótmælendur kasta blysum í lögreglu. NORDICPHOTOS/AFP

Óeirðir á götum Parísar

FRAKKLAND Óeirðir brutust út í kröfugöngu á verkalýðsdeginum í Frakklandi í gær.

Lögreglu og mótmælendum laust saman í París í kröfugöngu á vegum helstu verkalýðsfélaga þar í borg. Mótmælendur köstuðu blysum í lögreglu sem svaraði með tárágasi.

Mikill hiti er meðal verkalýðshreyfinganna í Frakklandi en fyrir franska þinginu liggur frumvarp sem skerðir réttindi þeirra verka-

manna sem sagt hefur verið upp störfum. Ríkisstjórnin vill meina að breytingarnar hvetji fyrirtæki til að ráða fleira starfsfólk en verkalýðshreyfingarnar vilja meina að þetta aðstoði atvinnurekendur við að sniðganga réttindi launafólks.

Langtímaatvinnuleysi í Frakklandi er tíu prósent.

Mikill hiti hefur verið í Frökkum undanfarna tvo mánuði vegna frumvarpsins. -srs



Fjöldafundur í Caracas, höfuðborg Venesúela þar sem fólk vill afsögn forseta landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Spara rafmagn með því að flýta klukkunni

VENESÚELA Stjórnvöld í Venesúela hafa flýtt klukkunni í landinu um þrjátíu mínútur til að spara rafmagn. Breytingin var hluti af aðgerðaráætlun Nicolas Maduro, forseta Venesúela, til að takast á við alvarlegan rafmagnsskort, en landið glímir við djúpa efnahagskreppu.

Stjórnvöld hafa þegar tekið ákvörðun um að skammta rafmagn á ákveðnum tímum og stytta vinnuvikuna hjá opinberum starfsmönnum í tvo daga. Maduro segir að þurrkar séu ástæða rafmagnsleysisins. Stjórnarandstaðan segir hins vegar ástæðuna vera að orkugeiranum sé illa stjórnað. Hún safnar nú undirskriftum þar sem farið er fram á þjóðaratkvæðagreiðslu til að koma Maduro frá völdum. Tvær milljónir hafa skrifað nafn sitt á undirskriftalistann en um sex milljónir undirskrifa þarf til að fá fram þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð forsetans í embætti. - ih

Búrkubann sett á stefnuskrána

ÞÝSKALAND Landsfundur þjóðernisflokksins Alternative für Deutschland samþykkti í gær að setja á stefnuskrána sína bann við bænaturnum í Þýskalandi og bann við búrkum.

AfD mælist með 14 prósent í skoðanakönnunum fyrir sambandsþingkosningarnar á næsta ári. Allir flokkar nema Kristilegi demókrataflokkur Angelu Merkel hafa útilokað samstarf við AfD.

Samkvæmt stjórnskrá Þýskalands ríkir trúfrelsi í landinu en stjórnmaðlameinn AfD vilja meina að íslam sé það framandi þjóðverjum að það samræmist ekki stjórnskrarákvæðum. Tvö þúsund manns úr hópi vinstri sinna mótmæltu fyrir utan landsþing flokksins um helgina. - srs

AUGLÝSING UM DEILISKIPULAGSBREYTINGAR Í GARÐABÆ

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með kynningu á tillögum að breytingum eftirfarandi deiliskipulagsáætlana í samræmi við 1.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

1. Víkurgata 4 og 13, Keldugata 2. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Urriðaholts vesturhluta.

Tillagan gerir ráð fyrir því að byggingareitum á lóðunum verði stækkaður til þess að meira svigrúm sé til þess að staðsetja byggingar á lóð með tilliti til jarðsprungu sem liggur um lóðirnar.

2. Mosagata 2. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Urriðaholts vesturhluta.

Tillagan gerir ráð fyrir því að hámarksfjöldi íbúða verði 5 í stað 3. Á vesturhluta lóðar verði komið fyrir 5 bílastæðum með aðkomu frá Mosagötu

3. Kinnargata 19-25. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Urriðaholts vesturhluta.

Tillagan gerir ráð fyrir því að hámarksfjöldi íbúða verði 5 í stað 4. Bílastæði bætist við á lóð.

4. Holtsgvegur 45-47. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Urriðaholts vesturhluta.

Tillagan gerir ráð fyrir því að hámarksfjöldi íbúða verði 10 í stað 9 í hvoru húsi. Bílastæði bætast við á lóð.

5. Brekkugata 1-3. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Urriðaholts Norðurhluta 2.

Tillagan gerir ráð fyrir því að hámarksfjöldi íbúða verði 25 í stað. Bílastæði bætast við á lóð.

6. Dyngjugata 1-3. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Urriðaholts norðurhluta 2.

Tillagan gerir ráð fyrir því að íbúðum á lóðinni fjölgi um 2 úr 16 í 18. Bílastæði bætast við á lóð og í bílageymslu.

Tillögurnar liggja frammi á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7, frá 2. maí 2016 til og með 13. júní 2016. Þær eru einnig aðgengilegar á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til þess að skila inn athugasemdum rennur út mánudaginn 13.júní 2016.

Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Garðabæjar og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir þeim.

Arinbjörn Vilhjálmsson
skipulagsstjóri Garðabæjar

GARÐABÆR 40

GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS



Beltone **Legend™**

Enn snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone **Legend™** heyrnartækið tengist þráðlaust beint í **iPhone**, **iPad** og **iPod touch**. Komdu í ókypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.



HEYRNARSTÖÐIN

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyra.is

Lánþegar LÍN



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það er stundum erfitt að verjast þeirri hugsun að íslenskar ríkisstofnanir mis-skilji hlutverk sitt all hrapallega. Einkum virðist þetta eiga við þær stofnanir sem snúa að málefnum þar sem er þörf fyrir að vinna með fólki með hagsmuni þess að leiðarljósi, fremur en hagsmuni kerfisins eða þess stjórn málafls sem yfir því ríkir hverju sinni. Þannig virðist Útlendingastofnun hafa það markmið að halda útlendingum utan Íslands, Tryggingastofnun það markmið að ríghalda í hagsmuni ríkis fremur en skjólstæðinga og Lánasjóður íslenskra námsmanna virðist stundum stefna að því að koma í veg fyrir menntun hinna efnaminni.

En auðvitað endurspeglar þessar stofnanir þanka-gang þeirra ráðherra og ríkisstjórna sem yfir þeim ríkja hverju sinni. LÍN hefur einmitt verið mikið í umræðunni að undanförunu og það ekki að tilefnislausu, því miður. Enn er haldið áfram að skerða kjör íslenskra námsmanna erlendis og það í raun eftir að ástandið er komið langt yfir öll eðlileg þolmörk. Ásta Guðrún Helgadóttir, þingmaður Pírata, tók nýverið saman hversu umfangsmiklar þessar skerðingar hafa verið á síðustu árum og þær tölur eru ekkert annað en alvarlegur áfelligsdómur yfir LÍN og störf ráðherrans. Í sumum tilvikum nemur skerðingin yfir 30 prósentu lækkan á framfærslu sem er auðvitað ekkert annað en gróf aðför að kjörum.

Það er íslensku samfélagi óendanlega mikilvægt að sækja sér menntun og þekkingu út í hinn stóra heim. Það er forsenda þess að við getum haldið áfram að þroskast og þróast sem framfarasinnað samfélag og verðmætin sem fölginn eru í góðri menntun þjóðarinnar eru gríðarleg. En ef menntamálaráðherra hugsar dæmið þannig að það að sækja sér menntun til útlanda eigi eingöngu að vera forréttindi hinna efnameiri er hætt við að menntunarstig þjóðarinnar eigi eftir að lækka jafnt og þétt. Það er líka hætt við að slíkt muni skaða íslenskt háskólasamfélag talsvert til lengri tíma lítið, svo ekki sé talað um heilbrigðis-kerfið, tæknisamfélagið og almenna nýsköpun svo eitthvað sé nefnt.

Margir sem þekkja samskiptin við LÍN af eigin raun þekkja vel þá tilfinningu að þar sé verið að rétta að þeim ölmusu. Að þetta séu peningar í eigu sjóðsins og að lán úr honum sé góðverkgjörningur til námsmannsins og það þó að hér séu á ferðinni lán en ekki styrkur. Með sama hætti virðist það vera ríkjandi viðhorf innan sjóðsins að námsmenn eigi að leppa dauðann úr skel á námsárunum og berjast við að komast af fyrir eins lítið fé og mögulegt. Í raun kristallar þetta þá grundvallar hugsanavillu sem virðist ríkja yfir LÍN og starfsemi sjóðsins um áraðir að lítið er á námsmenn sem lánþega en ekki fjárfestingu. Því menntun er fjárfesting fyrir einstaklinga og samfélag.



Með sama hætti virðist það vera ríkjandi viðhorf innan sjóðsins að námsmenn eigi að leppa dauðann úr skel á námsárunum.

SÉRHAEFUM OKKUR Í ÞRIFUM FYRIR HÚSFÉLÖG

VÖNDUÐ VINNUBRÖGD

Húsfélagþjónustan ehf.
Sími 555-6855
www.husfelag.is • husfelag@husfelag.is

Halldór



Frá degi til dags

Other people's money

Á hátíðardegi verkalyðsins á fjármálaráðherra ástæðu til að vippa upp tilvisun í ástsílasta andstæðing verkalyðshreyfingarinnar, Margaret Thatcher, fyrrum forsætisráðherra Bretlands. „The problem with socialism is that eventually you run out of other peoples money.“ Fjölmarginir lýstu vanþóknun sinni á þessum skilaboðum ráðherrans á Twitter. Hallgrímur Helgason rithöfundur svarar ráðherranum á Facebook: „The problem with off-shore capitalism is that you eventually run out of other people's money to put in your tax haven.“

Móðir allra fjárlagafrumvarpa

Ríkisfjármálaáætlun var lögð fram á Alþingi í fyrsta sinn um daginn. Hún er til fimm ára og margt í henni lofar góðu. Það er þó vel þekkt herbragð í íslenski pólitík að búa til svokölluð kosningafjálög þar sem beðið er með öll nauðsynleg útgjöld til áramóta fyrir alþingiskosningar. Nú hefur ríkisstjórnin enn einu sinni náð að toppa sig með því að sjóða saman ríkisfjármálaáætlun. Sú áætlun virkar eins og móðir allra fjárlagafrumvarpa eða fimm fjárlagafrumvörp þökkuð saman í eitt ofurfrumvarp. Þá er bara að sjá til hvort kjósendur kaupir útspilið. stefanrafn@frettabladid.is

Vandað, hagkvæmt, hratt



Eygló Harðardóttir
félags- og húsnæðismálaráðherra

Fyrir skömmu birtist í Fréttablaðinu pistill Sigríðar Hrunnar Guðmundsdóttur rekstrarhagfræðings um húsnæðismál. Þar segir: „Það er einhvern veginn svo augljóst að það myndi draga úr hækkunum að gera byggingaraðilum auðveldara að byggja íbúðarhúsnæði með minni tilkostaði.“ Þetta er hárrétt athugað og því hafa stjórnvöld lagt mikla áherslu á að ná niður byggingarkostnaði m.a. með því að endurskoða regluverk skipulags- og byggingarmála. Unnar hafa verið veigamiklar breytingar á regluverkinu í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og er það verk nú á lokametrunum.

Í tengslum við gerð kjarasamninga á síðasta ári samþykkti ríkisstjórnin ýmsar mikilvægar aðgerðir á sviði húsnæðismála. Á grunni hennar undirrituðu félags- og húsnæðismálaráðherra, iðnaðar- og viðskiptaráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra sameiginlega viljayfirlýsingu um verkefnið „Vandað, hagkvæmt, hratt“ sem hefur það markmið að skoða í víðu samhengi leiðir sem aukid geta fjölbreytni og framboð á hagkvæmum og ódýrum íbúðum, ekki síst í þágu ungs fólks og tekjulágs.

Nýlega var stofnaður svonefndur Byggingavettvangur (BVV) og verður verkefnið „Vandað, hagkvæmt, hratt“ eitt fyrsta verkefni hans. BVV er samstarfsvettvangur fyrirtækja, stofnana, ráðuneyta og annarra aðila sem starfa á þessu sviði, þ.e. Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Mannvirkjastofnunar, Íbúðalánasjóðs og Samtaka iðnaðarins. Í samþykktum BVV eru tilgreindir samstarfsaðilar hans, sem eru atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík, Hönnunarmiðstöð Íslands, IKEA, Listaháskóli Íslands, Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga, umhverfis- og auðlindaráðuneytið og velferðarráðuneytið. Samkvæmt samþykktum BVV greiða stofnaðilar árlega samtals 22 milljónir króna til rekstursins. Þar af greiða velferðarráðuneytið og Íbúðalánasjóður 6 milljónir kr., umhverfis- og auðlindaráðuneytið og Mannvirkjastofnun fjórar milljónir kr., atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið 6 milljónir kr. og Samtök iðnaðarins 6 milljónir kr. Nýráðinn verkefnastjóri BVV er Hannes Frimann Sigurðsson. Ég bind miklar vonir við að samstarf stjórnvalda og ofangreindra aðila á vettvangi BVV skili fljótt og vel góðum árangri. Þannig nálgumst við takmarkið um að mæta þörf ungs fólks og tekjulágs um vandaðar og hag-



Nýlega var stofnaður svonefndur Byggingavettvangur (BVV) og verður verkefnið „Vandað, hagkvæmt, hratt“ eitt fyrsta verkefni hans.

Goðafraeði stjórnmálanna

Í DAG



Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur



Enn virðist að einhverju leyti ríkja sá hugsunarháttur meðal margra kjósenda að skaffarahæfni frambjóðanda skuli ráða atkvæði manns, fremur en hugsjónir eða lífsviðhorf.

Það er eitt einkenni íslensks samfélags – og mein – að hér skuli stéttastjórnmál ekki hafa náð að þroskast eins og í nágrannalöndum svo að fyrir vikið urðu flokkar alþýðu ekki jafn sterkir og annars staðar í Evrópu með alkunnum afleiðingum fyrir lífskjör og réttindi þeirra landsmanna sem þurfa að dýsa með sitt hér en ekki aflendis eins og tortólarnir í valdastólunum.

Ekki urðu heldur til eindregnir yfirstéttarflokkar. Stjórnmálaflokkar síðustu aldar urðu hins vegar stundum eins og laus-tengd bandalög sem mynduðust kringum sterka einstaklinga sem höfðu á valdi sínu að útdeilda gæðum til sinna manna, ættmenna, skólafélaga, rótarýfélaga, skjólstæðinga – kjósenda.

Um leið tókst íslensku samfélagi ekki alveg að vaxa frá sjálfstæðisstjórnmálunum sem hér ríktu að sögn stjórnmálafræðinnar til ársins 1916-18, en samkvæmt þeirri hugmyndafræði höfðu stórbændur og kotungar, vinnufólk, embættismenn, lausamenn og niðursetningar í grundvallaratriðum sömu hagsmunum: að losna undan Dönum. Sjálfstæðisstjórnmál voru einkum framlegd með hersetu landsins, og síðan deilum um þátttöku í samstarfi vestrænna þjóða í ESB. Alítamálin hér á landi hafa síður snúist um lífskjör og laun almennings en stöðu lýðveldisins í samfélagi þjóðanna.

Eins og mosi

En hið raunverulega úrlausnar-efni stjórnmálanna hefur verið að greiða – eða torvelða – för að þeim gæðum sem útvaldir stjórnmálamenn voru í aðstöðu til að úthluta, hvort sem það voru leyfi til innflutnings á einhverju eða bankafyrirgreiðsla, útvegum á vinnu – byggingarleyfi. Dæmin eru óteljandi frá haftaarunum, sem voru dýrðarar Sjálfstæðisflokksins og byggðu upp það veldi hans sem enn er tregað í Hádegismóum.

Stundum finnst manni vera rótgróinn eins og fornaldar mosi einhver þankagangur hér frá söguöld. Það mætti kenna hann við goðaveldið sem var hér ríkjandi stjórnskipan frá landnámi og þar til árið 1260, að það hrundi í borgarastyrjöld, þegar valda-jafnvægi goðanna raskaðist og Íslendingar gengu Noregskonungi á hönd. Kerfið gekk út á að 39 goðar stjórnuðu sínu afmarkaða svæði hringinn í kringum landið – höfðu hver sitt goðorð – og hittust síðan og réðu ráðum sínum á Alþingi þar sem mál voru útkljáð, sættir gerðar, lög sögð fram af þar til gerðum lögsögumönnum, menn dæmdir í útleög, leitað sæmdar og bandalög gerð.



Allir landsmenn voru í skjóli einhvers goða og voru um leið honum skjól; höfðu skyldur við hann og réttindi gagnvart honum. Sýndu honum hollustu. Goðinn bjargaði sínum mönnum út úr vandræðum ef því var að skipta og hélt uppi lögum og reglu á sínu svæði en á móti kom að bændum bar að fylgja honum þegar til átaka kæmi, mynda herinn hans. Þegar kom fram á Sturlungaöld var ekki nokkur friður fyrir bændur að sinna búskap eða yfirleitt nokkrum sköpuðum hlut fyrir eilífum ófriði með tilheyrandi langferðum og vosbúð.

Fyrirgreiðslukerfið sem varð til strax og hér tók að starfa alþingi í fullvalda landi minnir að mörgu leyti á þetta gamla goðaveldi. Fyrsti þingmaður hvers kjördæmis var þá

